

# Reiknisstofa bankanna

## REIKNISTOFA BANKANNA

Sú hugmynd hefur komið fram að Reiknistofa bankanna hafi fastan þátt í Bankablaðinu. Ástæða þess er fyrst og fremst að R.B. er þjónustufyrirtæki allra bankanna. Má því gera ráð fyrir, að allt það sem gerist hjá R.B. hafi meira eða minna áhrif á starfsfólk bankanna almennt.

Til þess að gera þessar greinar sem beztar og með sem raunhæfustum upplýsingum, viljum við fara þess á leit við bankastarfsfólk almennt, að það sendi okkur smáfyrirspurnir eða ábendingar um hvað væri mestur áhugi um að fréttar af í þessum greinum.

## HÚSNÆÐI

Eins og flestum er kunnugt, var ætlunin að R.B. yrði til húsa í húsnæði Seðlabanka Íslands, sem reisa átti við Arnarhól. Þegar þetta húsnæði var ekki fyrir hendi, var leitað að nýju, og hefur það nú verið ákveðið.

Tekið hefur verið á leigu húsnæði í byggingu Útvegsbanka Íslands í Kópavogi, og er verið að innrétta það. Einhverjum gæti komið í hug að þetta væri dálítið mikið útúr, en við nánari athugun verður að viðurkennast, að hvar sem R.B. væri staðsett, þyrfti alltaf að senda þangað til og frá bönkunum. Við val þessa er mjög góð aðkeyrsla á þessu svæði, þar sem er fjölfarinn

vegur milli Reykjavíkur og Suðurnesja, og tryggt hefur verið að um góð bílastæði sé að ræða við bygginguna.

Reiknistofan verður þarna á þremur hæðum og er aðkeyrsla bæði að 1. og 2. hæð. Á 1. hæð fer fram öll vélavinnsla, þ.e. véla-salur, á 2. hæð er móttaka og sending ásamt frágangi allra gagna, og á 3. hæð er svo kerfisdeild og stjórnun. Það er von R.B. að fá tækifæri til að skýra enn betur frá þessu framtíðarhúsnæði og að geta sýnt sem flestum bankastarfsmönnum það, sem fram fer hjá Reiknistofu bankanna, þegar við erum flutt í þetta nýja húsnæði.

## KERFISSETNING VERKEFNA

Hvað viðskiptareikninga snertir er í dag verið að ákveða þær upplýsingar, sem nauðsynlegar og fullnægjandi eru taldar sem inntak og úttak verkefnis, þ.e. a.s. hvaða upplýsingar séu lesn-

ar inn í tölvuna til úrvinnslu og hvaða upplýsingar eigi að prenta út fyrir bankana.

Ennfremur verða teknar ákvarðanir um útlit og hönnun séreyðublaða eins og t.d. reikningsyfirlits og vaxtanótu.

Jafnframt þessu er unnið að kerfissetningu verkefnisins í heild, og þar með að búa það undir rofrifun og prófun, og síðan undir endanlega daglega vinnslu.

Stefnt er að því að vinnsla viðskiptareikninga geti hafist í maí 1975 og að allir viðskiptareikningar á Stór-Reykjavíkursvæðinu verði komnir í daglega vinnslu á því ári.

Samhliða þessu verkefni er unnið að frumdrögum að vinnslu sparisjóðsbóka og víxla.

Í næsta blaði er ætlunin að skýra frá framvindu tékkverkefnis og gerð nýrra tékka, sem ætlunin er að fari í umferð um eða eftir áramót.

Með kveðju,

Reiknistofa bankanna.



*"Money isn't everything. There is credit cards, money orders, traveler's checks..."*